



Borgarráð

Reykjavík, 14. apríl 2026

MIR25080006

### **Hagræðingartillögur MÍR**

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um hagræðingaraðgerðir menningar- og íþróttasviðs sbr. samþykkt menningar- og íþróttaráðs frá 10. apríl sl. Þar er lagt til að ráðist verði í viðbótarhagræðingu á fjórum kostnaðarliðum í fjárhagsáætlun menningar- og íþróttasviðs sem nemur 35,9 m.kr. til að fjármagna tillögur samstarfsflokka um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema, endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða, og lengri opnunartíma sundlauga í sumar.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs til borgarráðs um hagræðingartillögur MÍR, dags. 13. apríl 2026.  
Tillaga um hagræðingaraðgerðir, dags. 8. apríl 2026.



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026

MIR25080006

## Hagræðingartillögur MÍR

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 10. apríl 2026 var lögð fram tillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna um hagræðingaraðgerðir. Tillagan er svohljóðandi:

*Lagt er til að ráðist verði í viðbótarhagræðingu á fjórum kostnaðarliðum í fjárhagsáætlun menningar- og íþróttasviðs sem nemur 35,9 m.kr. til að fjármagna tillögur samstarfsflokka um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema, endurreisn úrbótasjóðs tónleikastaða, og lengri opnunartíma sundlauga í sumar.*

*Nánari útlitun hagræðingarinnar er sem hér segir:*

- 1. Leiga á hjólhýsastæði, hækkun á gjaldskrá frá og með 1. júní n.k. úr 30.000 kr. á mánuði í 45.000 kr. á mánuði þannig að útlagður kostnaður sviðsins standi undir þeim kostnaði sem sviðið ber af þessum rekstri. Tekjur vegna þessarar tillögu eru um 2,5 m.kr.*
- 2. Styrktarpottur íþróttar. Ekki náðist að úthluta öllum pottinum fyrir árið 2026, lagt er til að nýta eftirstöðvagnar eða um 3,4 m. kr. í þessa hagræðingu.*
- 3. Lagt er til að fækka stöðugildum í menningarborginni frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr*
- 4. Lagt er til að fækka stöðugildum í Hinu Húsinu frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr.*

*Samtals: 35,9 m. kr.*

Tillagan var samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

*Menningar- og íþróttasvið þarf að hagræða í fjárhagsramma sínum til að fjármagna tillögurnar um sumarstörf framhaldsskólanema, endurreisn Úrbótasjóðs tónleikastaða og lengri opnunartíma sundlauga í sumar. Lagt er til að það verði gert með ýmsum hætti þar sem mest munar um hagræðingu á launakostnaði sviðsins með fækkun stöðugilda hjá menningarborginni og í Hinu húsinu þar sem svigrúm mun skapast með fámennari árgangi í frústundastarfi fatlaðra á komandi skólaári.*

### Greinargerð:

Til að standa straum af kostnaði við fjármögnun þriggja tillagna menningar- og íþróttaráðs að fjárhæð 35,5 m. kr. verður hagrætt í fjórum verkefnum á sviðinu. Þegar eru til 3,4 m.kr. í styrktarpotti, hagrætt verður í launakostnaði á sviðinu um 30 m. kr. með fækkun stöðugilda hjá menningarborg og Hinu húsinu og leiga fyrir hjólhýsastæði verður



hækkuð til móts við raunkostnað, en í dag greiðir sviðið 15.000 kr. á mánuði með hverju stæði.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson  
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:

Tillaga um hagræðingaraðgerðir



**Reykjavík**



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR25080006

## TILLAGA

---

### Tillaga um hagræðingaraðgerðir

Lagt er til að ráðist verði í viðbótarhagræðingu á fjórum kostnaðarliðum í fjárhagsáætlun menningar- og íþróttasviðs sem nemur 35,9 m.kr. til að fjármagna tillögur samstarfsflokkanna um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema, endurreisn úrbótasjóðs tónleikastaða, og lengri opnunartíma sundlauga í sumar. Nánari útlitun hagræðingarinnar er sem hér segir:

1. Leiga á hjólhýsastæði, hækkun á gjaldskrá frá og með 1. júní n.k. úr 30.000 kr. á mánuði í 45.000 kr. á mánuði þannig að útlagður kostnaður sviðsins standi undir þeim kostnaði sem sviðið ber af þessum rekstri. Tekjur vegna þessarar tillögu eru um 2,5 m.kr.
2. Styrktarpottur íþróttar. Ekki náðist að úthluta öllum pottinum fyrir árið 2026, lagt er til að nýta eftirstöðvornar eða um 3,4 m. kr. í þessa hagræðingu.
3. Lagt er til að fækka stöðugildum í menningarborginni frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr
4. Lagt er til að fækka stöðugildum í Hinu Húsinu frá og með 1 júní n.k. Áætluð hagræðing er um 15 m.kr.

Samtals: 35,9 m. kr.

Greinargerð:

Til að standa straum af kostnaði við fjármögnun þriggja tillagna menningar- og íþróttaráðs að fjárhæð 35,5 mkr. verður hagrætt í fjórum verkefnum á sviðinu. Þegar eru til 3,4 m.kr. í styrktarpotti, hagrætt verður í launakostnaði á sviðinu um 30 m. kr með fækkun stöðugilda hjá menningarborg og Hinu húsinu og leiga fyrir hjólhýsastæði verður hækkuð til móts við raunkostnað, en í dag greiðir sviðið 15.000 kr. á mánuði með hverju stæði.



Reykjavík